

Ed.

199. Tillaga

til þingsályktunar um vistarskóla fyrir vanheil börn og unglínga.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um skólaheimili fyrir daufdumba, blinda, fatlaða og máhalta.

Greinargerð.

Daufdumb börn hafa notið allmikils námsstyrks hjá þjóðfélagi voru yfir 60 undanfarin ár¹⁾ — og njóta enn, eins og landsreikningarnir sýna. Er mér fjarri skapi að telja það eftir, en virðist þó kenna of mikils misréttis, að gengið skuli hafa verið framhjá þeim blindu, fötluðu og málhöltu oftast nær allan þennan tíma.

1) Sbr. tilskipun handa Íslandi um kennslu heyrnar- og málleysingja frá 26. febr. 1872 og lög um kennslu heyrnar- og málleysingja frá 19. júní 1922.

Aðrar fjölmennari þjóðir hafa fyrir löngu reist ýmiskonar skólaheimili fyrir hvern flokk þessara barna, en þar sem vér erum svo fámennir, virðist langeðlilegast, að ekki væri nema ein uppeldisstofnun fyrir öll þessi börn og unglinga, og henni síðan skipt í 4 aðgreindar deildir. Þá þyrfti ekki nema einn aðalskólastjóra, sumir kennarar gætu kennt í fleiri en einni aðaldeild og auk þess yrði húsnæði, fæði og aðhlynning tiltölulega miklu ódýrara heldur en ef hver flokkur væri á alveg sérstöku skólaheimili. Þess vegna eru daufdumbir nefndir með hinum, en ekki af því, að ég telji gildandi lög um kennslu daufdumbra aðfinnsluverð að öðru leyti.

Í heilbrigðisskýrslum frá 1931 telur landlæknir blint fólk vera um 400 að minnsta kosti, en langflest komið á efri ár. Enda sækja blindraskóla Blindra-vinafélagsins ekki nema 4 eða 5 börn.

Fatlaða fólkid ber frá fæðingu eða eftir veikindi eða slysfarir þau líkamsmeið, að það getur ekki unnið fyrir sér nema það njóti sérstakrar aðhlynningar lækna og kennslu við þess hæfi. Engar skýrslur eru til hérlendis um, hvað það er margt, en vafalaust skiptir það mörgum tugum, ef ekki hundruðum. Það má ekki lengur dragast, að þjóðfélagid komi því betur til hjálpar en að útvega örfáum fötluðum mönnum gervilimi.

Málhaltir munu vera á annað hundrað; örfáir þeirra njóta kennslu í málleysingjaskólanum, en allir þeir, sem stama eða eru holgóma, fá enga hjálp, enda þótt oftast sé hægt að lækna þá á fáum mánuðum, eftir því sem skýrslur herma, t. d. frá „Statens Institut for Talelidende“ í Danmörku. Landlæknir segir í fyrrnefndum heilbrigðisskýrslum, þar sem hann getur um málhalta: „Mun nú enginn hér fást við lækningu þessa leiða kvilla, sem er mikil ómenning“. — Er það hverju orði sannara; en nú dvelur íslensk kennslukona erlendis til að læra þessar lækningar, svo hún getur væntanlega tekið að sér slíkt starf innan skamms, ef þjóðfélagid vill hagnýta sér þekkingu hennar.

Sem sagt, það má ekki lengur dragast, að fullt skipulag komist á þessi mannúðarmál, og því tekur væntanlega bæði löggjafarþing og stjórn vel þessari þingsályktunartillögu.